

Verkís hf
Hugrún Gunnarsdóttir
Ármúla 4
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. desember 2013
Tilvísun: UST20131100217/b5

Drög að tillögu að matsáætlun - Arnarlax - aukning framleiðslu á laxi í Arnarfirði.

Umsögn

Vísað er til bréfs Verkíss dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umrædd drög:

Í kafla 5.2. Áhrifasvæði framkvæmda segir m.a.: „*Rannsóknir sem fyrirhugaðar eru verða að mestu innan marka fyrirhugaðra eldissvæða.*“ Umhverfisstofnun telur að þessi takmörkuðu rannsóknasvæði séu í ósamræmi við það sem fram kemur í kafla 6.1. en þar segir m.a.: „*Metin verða áhrif sjókvíaeldis á núverandi landnotkun og nýtingu auk mögulegra samlegðaráhrifa vegna mismunandi nýtingar*“, enda þurfi að líta á heildarmyndina þegar metin eru samlegðaráhrif mismunandi nýtingar, en ráðgerð er mjög fjölbreytt starfsemi í firðinum eins og fram kemur í drögum. Í Arnarfirði er fjölbreytt lífríki og er fjörðurinn uppeldisstöð fyrir bolfish, þ.e. ýsu og þorsk auk þess er í firðinum rækja. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi upplýsingar um staðsetningu uppeldissvæða og hvaða áhrif fiskeldið gæti haft á þessi uppeldissvæði. Því telur Umhverfisstofnun að við mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í Arnarfirði eigi jafnframt að líta til mögulegra samlegðaráhrifa vegna mismunandi nýtingar.


Mat á burðarþoli


Í drögum eru settar fram efasemdir um hvernig beri að meta Arnarfjörð m.t.t. burðarþols. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi mat á þoli Arnarfjarðar og fyrirhugaðra eldissvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Það er einnig hluti burðarþolsmats að meta óæskileg staðbundin áhrif af fyrirhugaðri eldisstarfsemi. Við mat á burðaþoli fjarða og sjókvíaeldissvæða er t.d. stuðst við líkön og rannsóknir og bendir stofnunin á að hægt sé að horfa til landa sem eru fremst á þessu sviði við val á líkani.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvernig ráðgert sé að hreinsa kvíar og hvaða aðferðum verði beitt í því sambandi og jafnframt gerð grein fyrir því af hverju tiltekin aðferð sé talin æskilegri umfram aðrar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædd drög að tillögu að matsáætlun.

Virðingarfullst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri
Afrit: Skipulagsstofnun


Björn Stefánsson
sérfræðingur